

Umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga, 557. mál

Stjórn fagdeildar félagsráðgjafa á skóla- og fræðsluviði (FFS) gerir eftirfarandi athugasemdir:

Í 10.gr. frumvarpsins, þar sem fjallað er um breytingar sem verða á 21. gr. Laganna viljum við bæta við:

- g. Liður. Barnaverndarnefnd ber að láta leikskóla/skóla vita þegar máli barns er lokað hjá nefndinni.

Rökin eru þau að dæmi eru um að starfsfólk skóla/leikskóla sé í góðri trú um að mál barns sé undir eftirliti og í gangi hjá barnaverndarnefnd jafnvel löngu eftir að því hefur verið lokað.

Í 11.gr.frumvarpsins, c-lið en þar er fjallað um hvað breytingar eigi að gera á 23.gr. laganna viljum við orða svo:

- c-liður. Barnaverndarnefnd skal ætíð vera í samstarfi við þá sem vinna með viðkomandi barn og nefndir eru í 2.mgr. 17.gr. Leggja ber áherslu á að afla samþykkis foreldra til að samstarfi verði komið á.

Rökin eru þau að kennari barnsins og/eða skólafélagsráðgjafi eru oft í nánu sambandi við barn og geta gert skýra grein fyrir líðan þess og þörfum. Samstarf þessara aðila verður því að teljast þjóna hagsmunum barns.

Í 13.gr. frumvarpsins er rætt um breytingar sem gerðar verði á 26.gr. laganna. Þar er talað um í a-lið að heimilt verði þeim aðilum sem vinna með mál viðkomandi barns og nefndir eru í 2.mg.17gr. og 18.gr. í té upplýsingar um líðan barns eða meðferð máls ef það er talið nauðsynlegt fyrir hagsmuni barns.

- Þetta þyrfti að vera á báða bóga, þ.e. að ofangreindum aðilum verði heimilt að gefa starfsmönnum nefndarinnar samsvarandi upplýsingar þegar það þjónar hagsmunum barns.

Við viljum lýsa ánægju okkar með þá viðleitni sem virðist vera í frumvarpinu í þá átt að efla samstarfið á milli barnaverndarstarfsmanna og þeirra sem daglega vinna með barninu, með hagsmuni þess að leiðarljósi.